

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 137/1998, um breyting
á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

19. mars 1999

Nr. 48

LÖG

**um breytingu á lögum um raforkuver,
nr. 60/1981, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka eftirtaldar virkjanir:

1. Virkjun fallvatns sem veitt er um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli.
2. Virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli.
3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði í virkjunarleyfi.